



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps  
Þriðjudaginn 6. september 2016 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VÞ) formaður, Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH).  
Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri og Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara  
grunnskólasviðs. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.  
Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt  
að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 6. maí 2016.

*Farið yfir fundargerðina, varðandi lið 5 – 1511015 Skólastefna Reykólahrepps, leggur nefndin það  
til við sveitarstjórn að gert verði ráð fyrir fjármagni í ráðgjöf á árinu 2017. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1609004 – Skólaakstur – fjölgun nemenda í Gufudalssveit.

Erindi frá skólastjóra Reykólahskóla dagsett 24. ágúst 2016, þar sem gerð er grein fyrir fjölgun  
nemenda í Reykólahskóla á næstu misserum, sem gerir það að verkum að skólabíll á leiðinni  
Gufufjörður – Reykólahar rúmar ekki öll börn sem sækja Reykólahskóla, grunnskóla- og  
leikskóladeild.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að brugðist verði við erindinu. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1609005 – Útleiga á Reykólahskóla.

Erindi frá skólastjóra Reykólahskóla dagsett 12. ágúst 2015, þar sem óskað er eftir því að gerðar  
verði skýrari reglur um útleigu á Reykólahskóla og búnaði skólans, að leiga vegna húsnæðisins  
komi til tekna á skólann, þ.e. skólinn greiðir alla innri leigu af eigninni Reykólahskóli.

*Samþykkt að vinna að skýrari reglum um útleigu á Reykólahskóla. ÁMG tekur að sér að vinna drög  
að reglum með aðstoð skólastjóra. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1608013 – Skólaakstur leikskólabarna í Reykólahskóla.

Erindi frá Hafrós Huld Einarsdóttur og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur dagsett 23. ágúst 2016, vísað til  
nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann 25. ágúst 2016, þar sem þær óska eftir að stefna verði  
gerð um akstur leikskólabarna í Reykólahskóla.

*Erindið var tekið til umræðu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að stefna verði tekin á, að bjóða  
upp á skólaakstur fyrir öll börn í Reykólahskóla frá tveggja ára aldri. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar:

#### 5. 1505004 – Ástandsmat á húseigninni Skólabraut 1, Reykólahskóla.

Matskýrsla unnin af VSÓ ráðgjöf sumarið 2016, vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann  
25. ágúst 2016.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

**6. 1608008 – Hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna.**

Erindi frá Velferðarvaktinni dagsett 9. ágúst 2016, vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann 25. ágúst 2016 og erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 3. maí 2016.

*Erindið lagt fram og kynnt. Nefndin leggur til að gert verði ráð fyrir því að Reykhólaskóli útvegi gögn frá næstu áramótum. Samþykkt samhljóða.*

**Önnur mál (ef einhver eru):**

**1. 1609008 – Skólaskýrsla skólastjóra.**

*Skólastjóri fór yfir skýrslu með nefndinni. Fram kemur að enn eru þó nokkrar framkvæmdir við skólann og leikskólann sem verður að klára sem fyrst og helst áður en byrjað verður á nýjum framkvæmdum við skólann.*

**2. 1609009 – Áheyrnarfulltrúi úr leikskóladeild á fundi mennta- og menningarmálanefndar skv. leikskólalögum.**

Erindi frá skólastjóra.

Skv. lögum skal fulltrúi starfsmanna leikskólans sitja sem áheyrnarfulltrúi á fundum mennta- og menningarmálanefndar með málfrlsi og tillögurétt.

*Lagt til að skólastjóri kynni starfsmönnum leikskóla rétt til þess að sitja fundi og þeir kjósi fulltrúa úr sínum hópi til þess. Samþykkt samhljóða.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 14.50.**

---

---

---

---

---

---